



Til: Borgaráðs

Frá: Sviðsstjóra fjármála- og áhættustýringarsviðs

Efni: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um viðauka við fjárhagsáætlun

Á fundi borgarráðs þann 15. ágúst 2019 var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokki Fólksins:

Borgarfulltrúi Flokks fólksins vill reyna að skilja þessa viðauka við fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar betur sem koma reglulega inn í borgarráð. Fyrir fólkið í borginni sem vill e.t.v. rýna í þetta væri gott að með viðaukum fylgdi ítarlegri skýringar.

Í þessum viðaukum sem lagðir eru fram á fundi borgarráðs 15. ágúst er óskað nánari skýringa. Til dæmis er talað um viðauka vegna samgöngusamninga jan. til jún. 2019. Ekki kemur fram hvað þetta er nákvæmlega, ferðir? og ef svo er af hverju eru þær í viðauka. Hvaða forsendur breyttust þegar gerð var áætlun um þennan lið?

Í lið 3, er fjallað um námsgögn sem virðast hafa verið vanáætluð, er verið að tala um að bæta þurfi við 40 millj. vegna vanáætlunar? Þetta hefði mátt koma skýrar fram.

Í 8 er talað um velferðartæknismiðju. Hvað er velferðartæknismiðja?

Í 9 er talað um að lækka eigi fjárheimildir vegna frestunar á úrræði fyrir tvígreindar konur. Af hverju var þessu úrræði frestað og hvenær er þá reiknað með að því verði komið á?

Í lokaliðnum er talað um að stjórnendur munu raðast í lægri flokk. eru þessi aðilar að lækka í launum?

Svar við fyrirspurninni:

Viðauki vegna samgöngusamninga

Á fundi borgarráðs þann 30. mars 2017 var samþykkt svohljóðandi tillaga borgarstjóra dags. 28. mars 2017:

Lagt er til að samgöngusamningar verði teknir í notkun hjá Reykjavíkurborg frá og með 1. september nk. Markmiðið með samgöngusamningum er að hækka hlutfall starfsmanna sem nýta vistvænar samgöngur vegna ferða til og frá vinnu og/eða vegna ferða í þágu vinnuveitanda. Greiðslur vegna samgöngusamninga nemi 72 þúsundum króna á ársgrundvelli fyrir starfsfólk í 50%-100% starfi en 36 þúsundum króna fyrir starfsfólk í 33%-49% starfi. Mannauðsdeild Ráðhúss er falin innleiðing samgöngusamninga og að leggja fram mat á kostnaði vegna innleiðingar þeirra fyrir 1. september nk.

Greinargerð fylgir tillögunni. R17030262

Á eftirfarandi vefsíðu borgarinnar er að finna nánari upplýsingar sem birtar voru í kjölfar samþykktarinnar þann 31. mars 2017: <https://reykjavik.is/frettir/samgongusamningar-vid-starfsmenn-reykjavikurborgar>

Þar kemur fram að kostnaðarmat við innleiðingu samgöngusamninga hjá Reykjavíkurborg liggur á bilinu 146,5 – 341,9 m.kr. miðað við þátttöku 30 – 70% starfsmanna borgarinnar á þeim tíma. Þar sem mikil óvissa var um þátttöku starfsmanna í aðgerðinni var það mat fjármálaskrifstofu að ómarkvisst yrði að dreifa fjármunum til stofnana borgarinnar án þess að þekkja það útgjaldamynstur sem af aðgerðinni myndi hljóttast. Var því ákveðið að úthluta fjármagni til starfsstöðva í samræmi við raunverulegar notkun. Tvö ár eru nú liðin frá því samgöngusamningar voru innleiddir. Ennþá er unnið eftir sömu aðferðafræði og viðaukinn sem samþykktur var þann 15. ágúst sl. tekur mið af notkun og dreifingu samninga á milli starfsstöðva og sviða tímabilið 1. janúar til 30. júní 2019. Tekið er frá og áætlað fjármagn vegna þessara útgjalda miðlægt undir sameiginlegum kostnaði, kostn.st. 09126 Launa- og starfsmannakostnaður.

Viðauki vegna námsgagna í grunnskólum Reykjavíkurborgar

Við síðari umræðu um fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar þann 5. desember 2017 vegna ársins 2018 var lögð fram og samþykkt svohljóðandi tillaga um gjaldfrjáls námsgögn í grunnskólum:

SÆVP-25, útboð vegna gjaldfrjálsra námsgagna í grunnskólum: Lagt er til að námsgögn í grunnskólum verði gjaldfrjáls og farið verði í útboð fyrir alla grunnskóla í Reykjavík. Fjárheimildum skóla- og frístundasviðs verður breytt í samræmi við niðurstöður útboðsins. Gert er ráð fyrir að kostnaður geti orðið um 75.000 þ.kr. Samþykkt.

Á þeim tíma sem tillagan var til umfjöllunar var gert ráð fyrir að kostnaður gæti orðið allt að 75 m.kr. árið 2018. Samþykkt tillögunnar fól í sér fyrirvara um niðurstöður útboðs vegna óvissu. Niðurstaða útboðsins árið 2018 fól í sér kostnaðarauka Reykjavíkurborgar sem nam 46,1 m.kr. og voru þá meðtalin framlög til skóla til kaupa á viðbótarnámsgögnum sem eftir atvikum voru ekki inni í útboði.

Ákveðið var að fara sömu leið árið 2019 og vista fjárheimildir undir liðunum ófyrirséð þar til niðurstöður útboðs lægju fyrir.

Viðauki vegna velferðartæknismiðu á vegum velferðarsviðs

Í greinargerð með tillögunni er vísað í mál R18020226 um stefnu Reykjavíkurborgar á sviði velferðartækni, samþykkt á fundi borgarstjórnar 6. mars 2018.

1. Lagðar fram niðurstöður stýrihóps um nýsköpunarstefnu Reykjavíkurborgar á sviði velferðartækni, sbr. 23. lið fundargerðar borgarráðs frá 1. mars 2018. R18020226. Samþykkt.

Á eftirfarandi vefslóð er að finna niðurstöður stýrihóps um mótun nýsköpunarstefnu Reykjavíkurborgar á sviði velferðartækni:

https://reykjavik.is/sites/default/files/skjol_borgarstjornarfundur/vel_velferdartaekni.pdf

Á fundi borgarráðs þann 12. október 2017 var lögð fram tillaga um að setja á fót velferðartæknismiðu, sjá nánar á eftirfarandi vefslóð:

https://fundur.reykjavik.is/sites/default/files/agenda-items/vel_velferdartaeknismidja.pdf

Tillagan var afgreidd með svohljóðandi hætti:

21. Lagt fram bréf velferðarsviðs, dags. 2. október 2017, um tillögu ásamt greinargerð um að setja á fót velferðartæknismiðju, sbr. 10. lið fundargerðar velferðarráðs frá 21. september 2017. R17100026

Samþykkt að vísa tillögunni til gerðar fjárhagsáætlunar og til umsagnar skrifstofu þjónustu og reksturs og fjármálaskrifstofu.

Viðauki vegna frestunar á úrræði fyrir tvígreindar konur

Velferðarsvið fékk um 211 m.kr. árið 2019 til ráðstöfunar í úrræði fyrir tvígreindar konur. Um var að ræða fjárheimild til rekstrar í heilt ár. Lengri tíma hefur tekið að koma úrræðinu á fót en ráð var fyrir gert og er nú miðað við að úrræðið verði tekið í notkun 1. október n.k. eða frá og með þeim tíma sem húsnæði sem fjárfest var í til þessa rekstrar, fæst afhent. Má gera ráð fyrir að fjármagni að fjárhæð 160 m.kr. verði óráðstafað um áramót.

Öðru hvoru kemur í ljós að verkefni sem úthlutað hefur verið fjármagni til fari hægar af stað en áætlað var og fyrirséð að fjármagninu verði ekki ráðstafað innan ársins. Í slíkum tilvikum er eðlilegt að fjármagni verði skilað aftur í borgarsjóð sér í lagi til að bæta svigrúm vegna annarra brýnna verkefna.

Viðauki vegna kjaraleiðréttinga forstöðumanna á menningar- og ferðamálasviði

Misritað var í tillögunni að um lækkun væri að ræða. Hið rétta er að um hækkun er að ræða og hefur það verið leiðrétt.

*Halldóra Káradóttir,
sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs.*